

Leiðbeiningar um sýnatöku á neyslu-, vinnsluvatni og ís

Sýni selur/leigir út dauðhreinsuð sýnaglös bæði fyrir vatn (500 ml) og ís (1 L) sem eru tilbúin til notkunar. Gott er að láta prófunarstofu vita, þegar beðið er um sýnaglös hvort taka eigi vatn eða íssýni.

Ef þörf er á, veitir Sýni viðskiptavinum sínum nánari upplýsingar um sýnatöku.

Almennar leiðbeiningar

Miða skal við að geyma sýnaglös ekki lengur en u.p.b. 6 mánuði frá dauðhreinsun. Sýnatökuglas skal vera dauðhreinsað og lokað þangað til sýnataka hefst. Þvoið hendur, og sótthreinsið ef mögulegt er.

Forðist að snerta lokið að innan eða brún ílátsins þegar sýnatökuglassið er opnað. Haldið alltaf í botn sýnatökuglassins þegar það er fyllt. Einnig ber að forðast trekk á sýnatökustað.

Sýni á helst að mæla innan 24 tíma. Því skal skrá sýnatökudag og tíma á merkimiða á sýnaglösum og á beiðni.

Sýnataka á neyslu- og vinnsluvatni, notkunarstaður

Vatnsmagn í sýni við hefðbundna örverurannsókn skv. Neysluvatnsreglugerð 536/2001, þarf að vera **a.m.k. 400 ml**. Við víðtækari örverurannsókn gæti þurft meira magn sýnis.

Sýni skal taka beint úr krana eða slöngu án sótthreinsunar.

- Skrúfið frá krananum að fullu og látið renna í u.p.b. 2 mínútur til þess að hreinsa burt vatn sem staðið hefur í lögnum og einnig til að hitastig vatnsins sé orðið stöðugt.
- Minnkið rennslið til að forðast að það slettist upp úr ílátinu þegar látið er renna í glasið.
- Fyllið glasið ekki alveg upp í stút, þar sem sýni gæti þá frekar mengast við sýnatöku eða þegar glas er opnað á prófunarstofu.
 - Gott að skilja u.p.b. 2 cm eftir frá brún sýnatökuglass.
- Lokið sýnatökuglasinu þéttingsfast og gangið frá því til sendingar á prófunarstofu.

Sýnataka á ís, notkunarstaður:

Almennt gildir það sama og um neyslu- og vinnsluvatn.

- Nota má bæði dauðhreinsað sýnatökuglas eða poka við sýnatöku.
- Ísmagn í sýni við hefðbundna örverurannsókn, þarf að vera **a.m.k. 400 gr.**
- Taka skal ís á nokkrum stöðum ef ís er tekinn úr kari eða ísvél.

Frágangur sýna og kæling

Ganga verður úr skugga um að sýnaglösin séu **vel lokuð og merkt** þannig að merking máist ekki af.

Þegar sýnatöku er lokið er nauðsynlegt að **halda sýninu kældu (2-8°C)** meðan á flutningi stendur til prófunarstofu. Ef ísmolar eru notaðir til kælingar við flutning sýnis, mega þeir ekki komast í beina snertingu við sýnatökuglassið til að forðast mengun. **Vatnssýni mega ekki frjósa.**

Sýnið þarf að berast prófunarstofu sem allra fyrst eftir að sýnið er tekið, þó **alltaf innan 24 klst..**

Nauðsynlegt er að fá ýtarlegar upplýsingar um sýnið og fylla út beiðni um mælingar sem má nálgast á heimasiðu Sýnis: **Beiðni um mælingar- vatn.**

Fram þarf að koma (fyrir utan upplýsingar um greiningar):

- Dagsetning sýnatöku.
- Tímasetning sýnatöku.
- Tegund vatnsbóls (ef við á).
- Staðsetning sýnatöku (t.d. hvar krani/kar/ísvél er staðsett í húsi eða númer krana).
- Meðhöndlun sýnis ef einhver (t.d. klórblandað).

Gott er að senda beiðnina í tölvupósti til viðkomandi prófunarstofu til að láta vita að sýnið sé á leiðinni.

- Kópavogur: profanir@syni.is
- Akureyri: akureyri@syni.is

Tilvísanir

Neysluvatnsreglugerð 536/2001 með síðari breytingum

Heimildir

Vinnuhandbók fyrir örverurannsóknir á matvælum og neysluvatni